



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Ungbarnaleikskóli Bríetartúni

2023 – 2024



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023 .....	4
3 Innra mat allra deilda .....	6
4 Innra mat sérkennslu.....	8
5 Innra mat – fjöltyngd börn.....	8
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	9
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	10
8 Foreldrasamvinna.....	10
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	10
10 Fylgigögn.....	11
<b>10.1 skóladagatal .....</b>	<b>11</b>
<b>10.2 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....</b>	<b>11</b>



# Leiðarljós leikskólans

## UMHYGGJA – GLEÐI - VINÁTTA

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Það líður að lokum fyrsta árs ungbarnaleikskólans í Bríetartúni. Árið hefur verið viðburðaríkt, krefjandi á köflum, en alltaf skemmtilegt. Þar sem skólinn er nýr, hefur aðlögun starfsfólks og barna verið helsta verkefnið fram eftir vetri og er óhætt að segja að það hafi tekið lengri tíma en almennt gerist á haustin. Allir hafa þó lagt metnað sinn í það að börnum í Bríetartúni líði sem best í leik og námi.

Leikskólinn var afhentur í byrjun mars. Við opnuðum tvær deildir 1. apríl og seinni tvær 1 júní. Í upphafi fengum við stóran hóp barna í aðlögun. Við settum okkur markmið um að hafa þátttökuaðlögun í upphafi og röðuðum niður börnum á dagsetningar, þetta var svo endurskoðað reglulega á meðan á aðlögun stóð. Þegar fram liðu stundir breyttum við aðeins aðlöguninni og tókum inn færri börn og höfðum lengri tíma á milli. Aðlögun barna var lokið í byrjun desember. Það varð okkar ákvörðun upp frá því að hafa aðlögun áfram sem markmið á næsta ári.

Alveg frá upphafi höfum við verið að taka þátt í þróunarverkefninu „Réttindi barna á Íslandi“ sem er samstarfsverkefni 5 leikskóla, Unicef og Háskóla Íslands ásamt Kristínu Hildi Ólafsdóttur leikskólaráðgjafa á skrifstofu SFS. Verkefnið er til þriggja ára og á þessu fyrsta ári hefur megin áherslan verið að kynna barnasáttmálann fyrir starfsfólki leikskóla og var haldinn sameiginlegur fundur þar sem farið var yfir hann. Það hefur gefið okkur mikið og verið hvatning til okkar starfsfólksins að rýna starfið með barnasáttmálann til hliðsjónar. Það er einnig ómetanlegt að vinna með öllu þessu fólki sem að verkefninu kemur. Leikskólinn vinnur með hvíld og rétt barns til hvíldar. Við settum okkur það markmið að vinna hvíldarstefnu út frá Barnasáttmálanum og hófum það verkefni á skólaárinu, en munum ljúka því á komandi skólaári.

Deildarnar eru allar með sama aldur, þar sem leikskólinn er fyrir eins til þriggja ára. Strax í upphafi var það áskorun að hafa leikföng sýnileg og í hæð barnanna. Það varð því eitt af markmiðum deildanna að vinna markvisst að því að hafa leikföngin í hæð barnanna. Við máttum það svo að vilja halda áfram með þá vinnu, þar sem það gekk misvel að innleiða hana.

Starfsfólkið fékk margvíslega fræðslu yfir veturinn, við byrjuðum skólaárið á því að fá námskeið í skyndihjálpi, við fórum á ráðstefnu „lof mér að leika“ þar sem áherslan var yngstu börnin í leikskólanum, við fórum í leikskólaheimsóknir, innanbæjar og utan, skoðuðum bæði nýja og gamla leikskóla. Við fengum til okkar Elísu Guðnadóttur sálfræðing og sérfræðing í svefni ungra barna, sem fór yfir nauðsyn þess að börn fái hvíld.

Foreldrasamstarf hefur verið með ágætum. Við héldum jólaball og buðum foreldrum að vera með. Í febrúar á degi leikskólans vorum við með opið hús og buðum fjölskyldum barnanna að koma og taka þátt í leik barna sinna í lok dags. Við kláruðum skólaárið með sumarhátíð, hún var einföld í sniðum en heppnaðist vel og fóru starfsfólk, foreldrar og börn ánægð í sumarfrí. Foreldraviðtöl voru tvö yfir skólaárið.

Við erum þakklát fyrir fyrsta árið okkar í Bríetartúni og hlökkum til nýrra verkefna á komandi starfsári.

Anna Ben Blöndal, leikskólastjóri



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023


### Innra mat

Starfsfólk leikskólans tók þátt í starfsánægjukönnun á vegum Gallup. Heildarsvörun hefði mátt vera betri, en 7 starfsmenn svöruðu. Þetta var í fyrsta skiptið sem allt starfsfólk Reykjavíkurborgar tók þátt í könnuninni Stofnun ársins á vegum Gallup.

#### Ungbarnaleikskólinn Bríetartúni







#### Ungbarnaleikskólinn Bríetartúni



Við sóttum um styrk í A-hluta menntastefnunar, verkefnið heitir Við getum sjálf! Markmið verkefnisins er að vinna með sjálfsefningu og sköpun. Þessi vinna mun halda áfram á næsta skólaári.

### Ytra mat

Foreldrakönnun var gerði í apríl á þessu ári. Niðurstöður voru ánægjulegar fyrir okkur starfsfólkið á þessu fyrsta starfsári. Um 89,6% svarhlutfall var eða 42 foreldrar af 60 svöruðu könnuninni. Heildaránægja með leikskólann var 4,63 en hæst er gefið 5. Meðaltal Reykjavíkur í heild er 4,50.



## Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
skólanámskrá	Byrja vinnu við námskrá leikskólans	Fundir, fyrirlestrar . Fá aðstoð frá utanað- komandi	Leikskólastjóri, ásamt stjórnunarteymi leikskólans	Janúar 2024	Vor 2025	Fá allt starfsfólk til að taka þátt í grunngerð námskrár. Gert á skipulagsdögum og starfsmannafundum	Að búið sé að gera hana.
Menntastefna/ læsissteymi	Mynda teymi og ræða tilgang og hvernig vinna fer fram	Búa til teymi	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskóla- stjóri	Haust 2023	Vor 2024	Er teymið virkt? Hvernig ganga fundir? Deildarstjórafundir og læsissteymafundir	skráning
Starfsþróunarsamtöl	Kynna fyrirkomulag samtala	Seta niður dagsetningar	leikskólastjóri	Ágúst 2023	Janúar 2024	Skráning í viðtölum	Allir starfsmenn hafa fengið viðtal
Menntastefna/sköpun „ég get sjálf!“	Ráða verkefnastjóra í listasmíðju	Efla og styrkja sköpunar þátt leikskólans	leikskólastjóri	Ágúst 2023	Apríl 2024	Afrakstur sýndur á Barnamennningarhátíð 2024	Verk og skráning



### 3 Innra mat allra deilda

Eins og áður hefur verið nefnt opnaði leikskólinn í apríl, 2022. Hann hefur því aðeins verið starfræktur í rúmt ár og á þessu ári var tekin sú ákvörðun að deildarnar myndu einblína á sömu markmið og að þau yrðu metin sem heild í lok árs. Allar deildarnar eru með 15 börn á aldrinum 1 – 3 ára og u.þ.b 4 stöðugildi. Deildarnar eru: Dropatún, Birkitún, Fjólutún og Mosatún

Markmið fyrir skólaárið 2022-2023:

1. Aðlögun, að börnin séu örugg í Bríetartúni, líði vel og foreldrum líði vel að skilja þau eftir.
2. Leikurinn, að börnin læri að umgangast og nota ýmislegt leikefni í samstarfi við aðra.
3. Hvíldin, að börnin fái að hvíla sig í ró og næði og sofa eins og þau þurfa.

Endurmat á starfáætlun, febrúar og júní 2023

1. Aðlögun, að börnin séu örugg í Bríetartúni, líði vel og foreldrum líði vel að skilja þau eftir.

Í anda Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna fá börnin að velja sér uppáhalds starfsmann í byrjun, einhvern sem þau treysta best, og við reynum að láta þann starfsmann alltaf taka á móti viðkomandi barni. Yfirleitt eru börnin alveg til í að koma til okkar á morgnana, mörg þeirra vilja smá knús áður en þau byrja daginn, en önnur fara bara rակleitt í að leika og/eða borða. Aðlögunartímabilið hefur verið mjög langt, því mörg börn hafa aðeins dvalið hér í stuttan tíma, og því var aðlögun í gangi í flestum mánuðum frá apríl fram í desember, og því hefur verið mikið rót fyrir þau fáu börn sem eru búin að vera allan tímann.

- Styrkleikar: Það er gott fyrir börnin að geta fengið að vera með þeim starfsmanni sem þau vilja
- Tækifæri til umbóta: Halda áfram á sömu braut

2. Leikurinn, að börnin læri að umgangast og nota ýmislegt leikefni í samstarfi við aðra.

Starfsfólk situr með börnunum í leik til að aðstoða ef þarf. Við sjáum vel að úthald barnanna í leik hefur aukist og þau eru ekki eins gjörn á að sækja bara alltaf nýtt dót, heldur leika lengur með efnið. Skúffurnar sem leikefnið er í eru úr glæru plasti svo það sést vel inn í þær og auðvelt fyrir börnin að velja það sem þau vilja sjálf og er það í anda Barnasáttmálans. Við merktum skúffurnar líka með bókstöfum, til að gera ritmál sýnilegt. Það sem er vinsælast eru Duplo kubbar og eldhúsdót.

- Styrkleikar: Börnin fá að velja sér það sem þau vilja og sjá vel inn í skúffurnar
- Tækifæri til umbóta: Setja myndir á skúffurnar með textanum. Virkja starfsfólk betur í að sitja með börnunum og aðstoða við að ná í leikefni.

3. Hvíldin, að börnin fái að hvíla sig í ró og næði og sofa eins og þau þurfa.

Samkvæmt Barnasáttmálanum eiga börn rétt á hvíld og að fá að þroskast. Hvíld í leikskóla er því nauðsynleg fyrir öll börn, og þegar um er að ræða svona ung börn eins og er hér í Bríetartúni, þá þurfa þau að sofa í hvíldinni. Með það í huga erum við að vinna að hvíldarstefnu fyrir skólann, sem



verður kynnt fyrir öllum foreldrum í byrjun leikskólagöngunnar.

Öll börnin sofna hjá okkur, og það nánast alla daga, mjög sjaldan kemur fyrir að eitthvert barnið sofnar ekki. Þau eru líka fljót að sofna, oftast eru öll börnin sofnuð eftir u.þ.b. 20 mínútur. Það er rökkur og róleg tónlist inni í hvíldarrýminu, og öll börn fá sitt teppi sem þau sofa með. Við eyddum dálitlum tíma í að finna út hverjir ættu að liggja saman og hverjir þyrftu að fá að hafa starfsmann við hlið sér á meðan þau sofna. Þegar fór að vora fór að bera á því að foreldrar vildu fá að stytta hvíldina, en allir hafa tekið vel í hugleiðingar okkar um hvíldina, og ekkert barn sefur minna en klukkustund.

- Styrkleikar: Börnin ná að hvílast vel
- Tækifæri til umbóta: Klára hvíldarstefnuna og deila með foreldrum.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Aðlögun</b>	Að börnin séu örugg og líði vel	Taka vel á móti börnum og foreldrum þegar þau mæta í skólann	Allt starfsfólk í samvinnu við foreldra	Haust 2023	Vor 2024	Umræður á deildarfundum og samtöl við foreldra	Að börnin komi sjálf óhikað inn á deild í byrjun dags
<b>Leikurinn</b>	Að börnin læri að umgangast og nota ýmislegt leikefni í samstarfi við aðra.	Hafa fjölbreytt leikefni í boði, leyfa börnunum að prufa ýmislegt og vera til staðar fyrir þau til að aðstoða ef þarf	Allt starfsfólk deildarinnar	Haust 2023	Vor 2024	Umræður á deildarfundum, myndir af börnum í leik	Að börnin finni sér sjálf leikefni og staldri við í þó nokkurn tíma
<b>Hvíldin</b>	Að börnin fái að hvíla sig í ró og næði og eins og þau þurfa	Skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft í hvíldarherbergi, leyfa börnunum að hafa með sér það sem róar þau	Allt starfsfólk deildarinnar í samvinnu við foreldra	Haust 2023	Vor 2024	Umræður á deildarfundum, samtöl við foreldra, skráningar í Völu	Að börnin séu úthvöld og vel stemmd í amstri dagsins



## 4 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2022-2023

<b>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</b> Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Enginn sérkennslustjóri er starfandi í Bríetartúni. Stjórnenda teymi vann saman og mat ef þeim fannst þurfa og óskaði eftir aðkomu matsaðila þegar þurfti. Barnahópurinn í Bríetartúni er á máltökuskeiði og því allir að vinna að því að efla málörvun og þroska barnanna, með tilliti til þess að þau sem þurfa aðeins meira fá það. Vegna aldurs barnahópsins er ekki gert ráð fyrir einstaklingskennslu nema þá ef sérstakt tilfelli kalli á það.
<b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b> Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	AEPS
<b>Hvaða námsefni var notað?</b> Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Keypt voru sjónræn myndaspjöld til notkunar í orðaforðaaukningu. Einnig eru notuð spil og leikmunir í sögugerð

### Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sérkennslustjóri	Ráða sérkennslu- stjóra	auglýsa	Leikskólastjóri	Vor 2023	Haut 2023	Auglýst á alvefnum	Að fá inn starfsmann sem hefur metnað í að þróa með okkur gott læsisumhverfi sem eflir málörvun og þroska barnanna

## 5 Innra mat – fjöltyngd börn

Fjöldi fjöltyngdra barna í skólanum þetta skólaár var 10 börn, þar af tvö með annað foreldri íslenskt. Öll börn í skólanum eru á máltökuskeiði og aldur þeirra er eins árs til þriggja ára.

Unnið er að málörvun í litlum hópum á öllum deildum. Það er tekið mið af aldri og þroska barnanna, þar sem allir þættir máls eru hafðir að leiðarljósi eins og málskilningur, orðaforði, tjáning, geta, styrkleikar o.s.frv. Til að fá hugmyndir að málörvun hafa starfsmenn nýtt sér vefsíðu MML sér til hjálpar.

Matstæki eins og Hæfnirammur fyrir fjöltyngd börn í leikskóla, er nýtt til þess að meta stöðu og hæfni barnanna og geta kennarar þar með séð hvort eða hvernig þurfi að grípa inn með frekari hætti. Við ætlum að skoða hvort hentugt sé fyrir okkur að nota þá.

Mælt er með Gefðu 10 þar sem markviss notkun leiðir af sér betri þekkingu og skilning á styrkleikum, áhugasviði og getu barna.





## Mat á málörvun og virkri þátttöku fjölyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjölyngdra barna ráðstafað?	Því verður varið í ráðningu starfsfólks.
Er markvisst vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Það er unnið með daglegan orðaforða, á öllum deildum og í öllu daglegu starfi leikskólans. Orð sett á athafnir í öllu daglegu starfi. Erum að byrja með orðaþemu.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Það er unnið markvisst að því. Samverustundir, lesstundir, söngstundir eru daglega á öllum deildum til að auðga og dýpka orðaforða barnanna í máli og myndum. Bækur eru aðgengilegar fyrir börnin á öllum deildum. Börnin eru hvött til að nota málið í öllu daglegu starfi skólans.
Er fylgst með framförum fjölyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Erum ekki komnar svo langt að gera einstaklingsáætlanir, erum að kynna okkur hæfnirammna og ætlum að byrja að nota þá, ef það hentar, aldur barnanna hjá okkur er 1 - 3.ára Matstæki sem hafa verið notuð eru AEPS
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Það er hugað að þessum þáttum á fjölbreyttan hátt, með getu, þroska og styrkleika barnanna í huga. Það er lögð mikil áhersla á leikinn, það er alltaf starfsmaður til staðar fyrir börnin ef þau þurfa á hjálp að halda, leysa ágreining og hjálpa barni að taka þátt í leik. Það má alltaf vinna markvissara að öllum þessum þáttum.

## Umbótaáætlun –fjölyngi 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gefðu 10	Að allir fái fræðslu um gefðu 10 og það verði innleitt í starfið	Fá inn námskeið sem styður við starfsfólk	Aðstoðarleikskólastjóri	Haust 2023	Vetur 2024	Myndir, deildarfundum, deildarstjórafundum	Matsblað útbúið þar sem starfsfólk skráir

## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Við höfum lagt áherslu á að hafa fræðslu í samræmi við þá vinnu sem fram fer innan skólans. Starfsfólk fékk námskeið í skyndihjálp, sem haldið var eftir vinnu í ágúst.

Á skipulagsdögum hefur farið fram fræðsla þar sem áhersla er á aldur barnanna sem er í skólanum, og að skólinn er nýr og því verið að þróa alla þá vinnu sem fram fer.

22. sep. Ráðstefna, Lof mér að leika

4. nóv. Leikskólinn okkar / hvernig viljum við hafa hann?

27. Jan. Hvíldarstefna, Elísa Guðnadóttir, sérfræðingur í svefni ungra barna / endurmat á starfi

13. mars. Leikskólaheimsókn



17. maí námsferð til Hveragerðis og Selfoss, þar sem leikskólar voru heimsóttir.

19. maí Vinna í leikskólanum, innra mat og deildarfundir

Þróunarverkefni/Barnasáttmálinn, megin markmið verkefnisins er að innleiða ákvæði barnasáttmálans á markvissan hátt inni í dagskipulagið. Haldin var sameiginlegur fræðslufundur eftir vinnu í febrúar um Barnasáttmálann fyrir allt starfsfólk. Unnið er í verkefninu jafnt og þétt yfir árið, einnig er tekin tími á skipulagsdögum og farið yfir verkefnið.

Leikskólastjóri kynnti starfsþróunarsamtöl fyrir deildarstjórum á vorönn 2023, stefnt var að því að byrja á þeim en ekki gafst tími. Það mun verða bætt úr því á næsta starfsári, 2023-2024.

## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólinn er ungbarnaleikskóli og er ekki með samstarf við grunnskóla eða frístundamiðstöðvar. Börnin flytjast á hverfisleikskóla árið sem þau verða þriggja ára. Ef einhver tilvik eru þess eðlis að það þarf að fylgja barninu þá erum við í góðu samstarfi við móttökuleikskóla þess barns.

## 8 Foreldrasamvinna

Á foreldrafundi um haustið óskuðum við eftir foreldrum í foreldrafélag og foreldraráð. Í ráðið buðu sig fram 4 foreldrar. Ekkert foreldrafélag var starfandi.,

Foreldrafundur var haldinn í september, kl 19:30 -20:30. Leikskólastjóri sagði frá leikskólanum og því sem væri fram undan. Því næst buðu deildarstjórar foreldrum inná deild, starfsfólk kynnti sig og deildarstjóri sagði frá því sem fram færi í daglegu starfi.

Foreldraviðtöl voru tvisvar yfir árið, í nóvember og mars

## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar á vetrinum eru sex. Tveir á haustönn og fjórir á vorönn.

29. september, smitsjúkdómar barna og MML, fræðsla um málörvun og læsi

17. nóvember, unnið með læsi og hvernig það birtist í daglegu starfi/hvað þarf að bæta?

21. febrúar, Barnasáttmálinn, sameiginlegur með Laugasól og Vinagerði

24 og 26. apríl, leikskólinn fer í ferð til Kaupmannahafnar að skoða leikskóla

17. maí, Menntastefnumót



## 10 Fylgigögn

### 10.1 skóladagatal

### 10.2 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Bríetartúni

Anna Ben Blöndal

Leikskólastjóri

Reykjavík, 16. nóvember 2023

Dagsetning



**Fylgiskjal 3**

**Starfsáætlun 2023 – 2024**  
**Ungbarnaleikskóla Bríetartúni**

**Umsögn foreldraráðs**

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Ingi Vífill Guðmundsson**

**Katrín Möller**

**Hólmgeir Reynisson**

12



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



## **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## **Umsögn foreldraráðs:**









# Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **LEIKSKÓLINN BRÍETARTÚN**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 M	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ		30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F		31 Þ		31 S	31 M		31 S	31 F			31 M

### Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla-